

11. nóvember 2018

231. mál

Eftir lestur á þessu frumvarpi kemur fyrst upp í huga mér Stofnana-Skógar!

Sumt er ágætt í þessu frumvarpi er varðar skógrækt á svæðum sem tilvalin eru til stór-skógræktar á aðgengilegum svæðum, og hægt er að koma að vélbúnaði við slíkt, þessi partur af skógrækt þarf að vera sér kafla í þessu átaki.

Það sem ég óttast er að með því að allt sé undir þessum KERFIS hatti þá munu flest Skógræktarfélag landins þurkast út. Skógræktarfélagin eru sjálfboðafélag um allt land og eru með mikla kunnáttu á sinu umhverfi og hvaða aðferðir og hvaða plöntur vaxa best í þeirra nágrenni.

Það verður að huga að því að ef skógrækt í nágrenni samfélaga, bæja og þorpa, verður ekki ræktað áfram dettur vitund fólks niður og það hefur engan áhuga á þessari "Stóryðju" sem fram fer einhvers staðar á landinu.

Það stendur í frumvarpinu að "Skógræktarfélag séu barn síns tíma".

Gott og vel, leyfið þeim að vera til áfrán en reisið ekki nýtt "Consept" á kostnað þeirra!

Skógræktarfélag landsins hafa verið stofnuð til að búa til svæði í nágrenni þéttbýliskjarna þar sem fólk (Íbúar) getur farið í skjól og fundið ilm gróðurs.

Skógræktarfélag Íslands hefur verið í miklum tengslum við Skógræktarfélag landsins bæði er varðar úthlutun á plöntum og ráðleggingar, auk samskipta við landeigendur.

Að mínu mati ætti að tryggja tilveru Skógræktarfélaga um allt land. Auka mætti t.d. fræðslu um skógrækt í skólum. Í flestum bæjarfélögum er gott samstarf á milli vinnuskóla og bæjarfélaga um gróðursetningu trjáa og fræðslu um gróðurfar umhverfis bæjarkjarna.

Ég held að besta lausnin sé að Skógræktarfélag Íslands verði áfram sér stofnun, deild, sem sinni öllum þessum félögum. Tryggja þarf að Skógræktarfélag Ísland hafi öruggt fjármagn til að sinna þessu.

Annars fagna ég auknum áhuga og ætlun um að fara í mikla skógrækt á landsvísu, en það þarf að gæta að því að það sé ekki eingöngu magn það þurfa að vera gæði t.d. í plöntum og aðferð við gróðursetningu.

Með bestu kveðju,

Sigurjón Þórðarson,

form. Skógræktarfélags Suðurnesja.